

Samkomulag

um breytingu og framlengingu kjarasamnings

**Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga
og
Ríkisútvarpsins ohf.**

1. gr. Gildistími

Kjarasamningur aðila framlengist til 1. nóvember 2022 með þeim breytingum sem í þessum samningi felast.

2. gr. Desember og orlofsuppbót

Starfsmenn fá greidda desember- og orlofsuppbót í samræmi við aðalkjarasamninga SA á almennum vinnumarkaði. Heimilt er í ráðningarsamningi að fella uppbætur inn í mánaðarlaun starfsmanns eða semja um annan greiðsluhátt.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár 2019-2022 miðað við fullt starf er:

Á árinu 2019 kr. 92.000
Á árinu 2020 kr. 94.000
Á árinu 2021 kr. 96.000
Á árinu 2022 kr. 98.000

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár 2019-2022 (1.maí til 30.apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2019 kr. 50.000.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 kr. 51.000.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 kr. 52.000.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 kr. 53.000.

3. gr. Veikindi barna

Grein 8.9.1 breytist og verður svohljóðandi:

Fyrstu sex mánuði í starfi hjá RÚV ohf. er foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unnin mánuð til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Sama á við börn undir 16 ára aldri þegar veikindi eru það alvarleg að þau leiði til sjúkrahúsvistar í a.m.k. einn dag.

Eftir 6 mánaða starf verður rétturinn 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Foreldri heldur dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.

Með foreldri í 1. mgr. er einnig átt við fósturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.

4. gr. Styrktarsjóður

Gr. 12.4.2. um styrktarsjóð vegna starfsmanna sem voru í starfi hjá Ríkisútvarpinu fyrir 1. apríl 2007 breytist svo:

0,55% verður 0,75%.

5. gr. Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi hvílir á eftirfarandi forsendum:

Samningurinn byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. apríl 2019. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. apríl 2019. verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

6. gr. Afgreiðsla kjarasamnings o.fl.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp á lögformlegan hátt til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 2. okt. 2020, skoðast samningurinn samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn KVH um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá RÚV ohf.

Reykjavík, 30. september 2020

F.h. Kjarafélags viðskipta og hagfræðinga

F.h. Ríkisútvarpsins ohf.

Bókun um vinnutímastyttingu

RÚV ohf. mun bjóða fulltrúa KVH að taka þátt í umræðum um vinnutímastyttingu og útfærslu hennar þegar sú vinna fer af stað með öðrum hópum háskólamanna sem vinna sambærilegan vinnutíma.